

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

#### *Varmidalur lóð, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. desember 2019, tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði úr landi Varmadals. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir að skipta svæðinu í fjórar lóðir þar sem gert verði ráð fyrir byggingu sumarhúss, gestahúss og geymslu á hverri lóð. Aðkoma er af Suðurlandsvegi og um Selalækjarveg (nr. 267). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hólar – Torfur, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. desember 2019, tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði úr landi Varmadals. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og skemmu á tveimur byggingarreitum, skv. uppdrætti frá Eflu, dags. 12. júní 2019. Skilgreind verði ný lóð sem fengi heitið Torfur. Aðkoma er af Þingskálavegi (nr. 268). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 18. desember 2019.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.